

flutningum). Það ber því að sýkna áfrýjendurna fyrir kærur og kröfum hins stefnda í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum þykir eiga að falla niður. Sem gjafsóknarmál hefur málið verið rekið forsvaranlega í hjerði, og fyrir yfirdómi hefur málsvörnin verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjendurnir, Einar Jónsson, Sæmundur Jónsson, Eiríkur Ketilsson og Magnús Magnússon eiga að vera sýknir fyrir kærur og kröfum stefnda sjera Odds Gíslasonar í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Nr. 16/1892:

Vigfús Þórarinsson

gegn

skiptaráðandanum í Kjósar- og Gullbringusýslu og hreppsnefndunum í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Skaptafellssýslu.

Dómur:

Með stefnu útgefni 24. maí f. á. samkvæmt upp-reistarleyfi, veittu 5. s. m., hefur Vigfús bóndi Þórarinsson á Sólheimum sem skuldheimtumaður í dánarbúi Sveins Árnasonar í Krókskoti í Gullbringusýslu áfrýjað til yfirdómsins skiptum á tjeðu búi, sem voru leidd til lykta í skiptarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 31. desbr. 1890, og krafizt þess, að skiptin verði dæmd ómerk og hlutaðeigandi skiptaráðandi, sýslumaður í Kjósar- og

Gullbringusýslu, Franz Siemsen, skyldaður til að setja búið í sama lag eins og það var 31. desember 1890 og taka það til nýrrar og löglegri skiptameðferðar, svo og að hinar stefndu hreppsnefndir í Hvamms- og Dyrhólahreppi verði dæmdar til að greiða allan málskostnað með nægilegri upphæð. Hinar stefndu hreppsnefndir, sem hafa fengið gjafsókn fyrir yfirdómi og skipaðan málflytningsmann, hafa krafizt þess fyrst og fremst, að málinu verði frávísað, og til vara, að hin áfrýjuðu skipti verði staðfest, svo og að áfrýjandinn, hvernig sem málið fer, verði dæmdur til að greiða allan kostnað, sem af málskotinu leiðir, eins og það væri ekki gjafsóknarmál, og loksins hefur hinn skipaði málsfærslumaður krafizt hæfilegs málflytningskaups.

Frávísunarkröfuna byggja hinir stefndu á því, að eptir að skiptunum var lokið, fór áfrýjandinn 14. júlí f. á. sjálfur til hreppstjórans í Miðneshreppi, sem hafði umboð skiptaráðanda til að borga út peninga búans til skuldheimtumannanna samkvæmt skiptagjörðinni og veitti hjá honum viðtöku peningum þeim, sem honum voru útlagðir úr búinu, að upphæð 95 kr. 3 a. (eptir skiptagjörðinni kr. 80 + kr. 4,21 + kr. 10,82), án þess þá að hreifa neinum mótmælum gegn skiptunum, enda hafi hann gefið kvittun fyrir þessum peningum, og hafi hann með þessu samþykkt skiptin.

Tjedar peningaupphæðir, samtals 95 kr. 3 a., var allt það, er áfrýjandanum samkvæmt skiptagjörðinni bar að fá útborgað úr búinu, og með því að færa sjer í nyt skiptagjörðina með því að taka við og kvitta fyrir þessum peningum skilyrðislaust, verður að álíta, að áfrýjandinn hafi sleppt rjetti sínum til að áfrýja skiptunum. Auk þeirra skuldakrafa, er greind upphæð.

var útlögð upp í, gjörði áfrýjandi að vísu í búinu kröfu til »ofanálags« út af jarðarbyggingu, og sú krafa, sem hann þóttist hafa veð fyrir í jarðarparti nokkrum, var útlögð honum með tiltölulegum hluta til eignar af þessum jarðarparti móti hinum stefndu hreppsnefndum, sem einnig töldu sig hafa veð í sömu jarðeign — en hann verður að álitast hafa viljað hlíta úthlutun skiptarjettarins, einnig hvað þetta »útlegg« snertir, þar sem hann ekki geymdi sjer rjett til að átelja hana, er hann ljét útborga sjer úr búinu framangreinda upphæð, enda hefur hann ekki sjerstaklega krafizt ónýtingar á skiptunum að því er þessa skaldakröfu hans snertir. Það verður því að taka til greina kröfu hinna stefndu hreppsnefnda um frávísun málsins. Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður, en hinum skipaða talsmanni hreppsnefndanna bera 20 kr. í málsvarnarlaun. Það vottast, að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fellur niður. Hinum skipaða talsmanni hinna stefndu hreppsnefnda, Halldóri yfir kennara Friðrikssyni, greiðast af almannafje í málflutningskaup 20 krónur.